

Mat á viðhorfum til þverfaglegrar menntunar og teymisvinnu á sviði heilbrigðisvisinda

F. Jónsdóttir^{1, 2}, S. A. Ólafsdóttir³, J. L. Guðmundsdóttir⁴, Á. R. Ingadóttir^{2, 5}, I. S. Ólafsdóttir^{2, 3}, A. B. Jónsdóttir^{2, 3}

1. Lyfjafræðideild, Háskóli Íslands, Reykjavík, Ísland
2. Landspítali – háskólasjúkrahús, Reykjavík, Ísland
3. Læknadeild, Háskóli Íslands, Reykjavík, Ísland
4. Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands, Reykjavík, Ísland
5. Matvæla- og næringarfræðideild, Háskóli Íslands, Reykjavík, Ísland

Inngangur

Eftir því sem íbúum heims fjölgar og meðalaldur hækkar aukast kröfur til heilbrigðiskerfa. Þverfagleg samvinna og skilvirk samskipti eru orðin lykilatriði í nútíma heilbrigðisþjónustu. Til að undirbúa framtíðarstarfsfólk heilbrigðisgeirans þarf að samþætta markviss tækifæri til þverfaglegrar menntunar milli ólíkra heilbrigðisgreina.

Markmið

Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf nema og framhaldsnema á sviði heilbrigðisvisinda á sjúkrahúsi til þverfaglegrar menntunar og samvinnu eftir þátttöku í skipulögðum þverfaglegum kennslustundum í samskiptafræði.

Aðferðir

Rafræn spurningakönnun var lögð fyrir sjúkrapjálfunar- og læknanema, auk framhaldsnema í klínískri lyfjafræði og næringarfræði og hjúkrunarfræðinga á starfsþróunarári í kjölfar þverfaglegra kennslustunda í samskiptafræði. Kennslan fól meðal annars í sér fjölskyldufundi og samskipti við sjúklinga í gegnum túlk. Notast var við staðlaðan mælikvarða, *Readiness for Interprofessional Learning Scale (RIPLS)*, sem samanstendur af 19 atriðum á Likert-kvarða og metur teymisvinnu, faglega sjálfsmynd og skilning á hlutverkum og ábyrgð. Einnig voru lagðar fram opnar spurningar til að afla eiginlegra upplýsinga. Niðurstöður voru greindar með lýsandi tölfræði.

Niðurstöður

Svarhlutfall þátttakenda var 23,7% (47/198). Af þeim voru 40,4% læknanemar (19/47), 21,3% hjúkrunarfræðingar (10/47), 19,1% sjúkrapjálfunarnemar (9/47), 14,9% næringarfræðinemar (7/47) og 4,3% framhaldsnemar í klínískri lyfjafræði (2/47). Flestir svarenda voru konur (70,8%) og meðalaldur var 28,4 ár. Niðurstöðurnar sýna sterkan stuðning við þverfaglega menntun: 68,8% þátttakenda voru sammála eða mjög sammála því að hún stuðli að teymisvinnu og samvinnu. Flestir (96%) töldu að nám með öðrum heilbrigðisstéttum geri þá að virkari þátttakendum í heilbrigðisteymum, og 96,2% voru sammála því að sjúklingar hagnist á því þegar samvinna meðal heilbrigðisstarfsfólks.

Einnig voru 84,6% sammála eða mjög sammála því að samskipta- og teymisfærni ætti að þjálfa með öðrum heilbrigðisnemum, og 84,6% töldu að sameiginlegt nám hjálpi þeim að átta sig á eigin faglegum takmörkunum. Þátttakendur voru almennt sammála því að sameiginlegt nám bæði fyrir nema og starfandi heilbrigðisstarfsfólk gæti eftt starfsleg tengsl og samvinnu í starfi. Loks töldu 84,7% að sameiginlegt nám hjálpi þeim að hafa jákvæðari afstöðu til annarra heilbrigðisstétta.

Ályktun: Þátttakendur úr öllum heilbrigðisstéttum sýndu jákvæð viðhorf til þverfaglegrar kennslu og áhrifa hennar á teymisvinnu og samvinnu. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að forgangsraða og efla þverfaglega menntun í námsleiðum allra heilbrigðisgreina.